# Bláskógaveita

## Ársreikningur 2025

Bláskógaveita
Aratungu
806 Selfoss

Kt. 630580-0139

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
| --- | --- |
| Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Bláskógaveita er í eigu Bláskógabyggðar. Hitaveitan selur orku til íbúða, sumarhúsa, fyrirtækja og landbúnaðar í Bláskógabyggð.

Rekstrartekjur Bláskógaveitu námu 174,6 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 14,6 millj. kr. milli ára eða um 9,2%. Hagnaður veitunnar á árinu 2025 nam 34,1 millj. kr. (2024: 32,6 millj. kr.)

Eigið fé veitunnar í árslok var um 369,0 millj. kr. (2024: um 335,0 millj. kr.)

Á árinu var meðalfjöldi stöðugilda 2,0 (2024: 2,0) og greiddi hitaveitan 37,7 millj. kr. (2024: 26,6 millj. kr.) í laun auk 8,5 millj. kr. (2024: 6,1 millj. kr.) í launatengd gjöld .

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Bláskógabyggðar staðfesta hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2025 með undirskrift sinni.

Reykholti, 13. maí 2026.



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Bláskógaveitu („hitaveitan“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2025 og afkomu hitaveitunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.
Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum sveitarstjórn og sveitarstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 13. maí 2026.

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

# Rekstrarreikningur 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Selt heitt vatn til notenda | | 174.550.416 | 159.793.094 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 116.686 |
| | | 174.550.416 | 159.909.780 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 47.988.769 | 31.843.070 |
| Rekstur veitukerfis | 8 | 54.512.908 | 62.668.078 |
| Rekstur bifreiða | 9 | 2.502.593 | 2.514.257 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 15.732.185 | 14.383.099 |
| | | 120.736.455 | 111.408.504 |
| Hagnaður fyrir afskriftir | | 53.813.961 | 48.501.276 |
| Afskriftir | 2 | ( 6.612.623) | ( 6.886.244) |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 47.201.338 | 41.615.032 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 7.429.148 | 11.314.144 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 1.305) | ( 99.061) |
| | | 7.427.843 | 11.215.083 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 54.629.181 | 52.830.115 |
| Tekjuskattur | 3 | ( 20.540.572) | ( 20.246.165) |
| **Hagnaður ársins** | 5 | 34.088.609 | 32.583.950 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 2 | 259.994.263 | 123.838.509 |
| Tekjuskattseign | | 0 | 5.294.250 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 4 | 414.101 | 435.865 |
| Fastafjármunir samtals | | 260.408.364 | 129.568.624 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Krafa á Bláskógabyggð | | 106.559.003 | 126.996.677 |
| Viðskiptakröfur | | 36.289.165 | 37.694.883 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 4 | 21.764 | 21.764 |
| Handbært fé | | 6.428.319 | 83.065.776 |
| Veltufjármunir samtals | | 149.298.251 | 247.779.100 |
| **Eignir samtals** | | 409.706.615 | 377.347.724 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | | 369.042.402 | 334.953.793 |
| Eigið fé samtals | 5 | 369.042.402 | 334.953.793 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Tekjuskattskuldbinding | 3 | 1.233.958 | 0 |
| | | 1.233.958 | 0 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 24.516.764 | 22.220.378 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 3 | 13.548.326 | 16.778.877 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.365.165 | 3.394.676 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 39.430.255 | 42.393.931 |
| Skuldir samtals | | 40.664.213 | 42.393.931 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 409.706.615 | 377.347.724 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 5 | 34.088.609 | 32.583.950 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 2 | 6.612.623 | 6.886.244 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | 3 | 6.528.208 | 1.908.129 |
| Verðbætur langtímalána | | 0 | 30.918 |
| Veltufé frá rekstri | | 47.229.440 | 41.409.241 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting | 4 | 21.764 | 21.764 |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 1.405.718 | ( 5.648.573) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 2.963.676) | 10.840.327 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 1.536.194) | 5.213.518 |
| Handbært fé frá rekstri | | 45.693.246 | 46.622.759 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 2 | ( 142.768.377) | ( 8.779.309) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 142.768.377) | ( 8.779.309) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Viðskiptastaða Bláskógabyggðar, breyting | | 20.437.674 | ( 64.089.966) |
| Langtímaskuldir við Bláskógabyggð, breyting | | 0 | ( 679.038) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 20.437.674 | ( 64.769.004) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 76.637.457) | ( 26.925.554) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 83.065.776 | 109.991.330 |
| **Handbært fé í árslok** | | 6.428.319 | 83.065.776 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

**c.** Viðskiptakröfur í lok ársins eru færðar niður um 11,2 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

**d.** Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskattsins er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru færð síðar í ársreikningi en í skattauppgjöri.

**e.** Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | **Veitukerfi** | **Vélar og tæki** | **Dæluhús** | **Samtals** |
|---|---:|---:|---:|---:|
| Heildarverð 1.1.2024 ................................ | 222.894.058 | 24.502.695 | 123.724.528 | 371.121.281 |
| Viðbót á árinu ........................................... | 18.413.377 | 6.191.730 | 0 | 24.605.107 |
| Tengigjöld ................................................. | ( 15.825.798) | 0 | 0 | ( 15.825.798) |
| Heildarverð 31.12.2024 ............................ | 225.481.637 | 30.694.425 | 123.724.528 | 379.900.590 |
| Viðbót á árinu ........................................... | 163.090.756 | 1.088.710 | 0 | 164.179.466 |
| Tengigjöld ................................................. | ( 21.411.089) | 0 | 0 | ( 21.411.089) |
| Heildarverð 31.12.2025 ............................ | 367.161.304 | 31.783.135 | 123.724.528 | 522.668.967 |
| | | | | |
| Afskrifað samtals 1.1.2024 ........................ | 145.889.535 | 14.661.986 | 88.624.316 | 249.175.837 |
| Afskrifað á árinu ....................................... | 3.493.658 | 1.522.452 | 1.870.134 | 6.886.244 |
| Afskrifað samtals 31.12.2024 .................... | 149.383.193 | 16.184.438 | 90.494.450 | 256.062.081 |
| Afskrifað á árinu ....................................... | 5.146.660 | 1.465.963 | 0 | 6.612.623 |
| Afskrifað samtals 31.12.2025 .................... | 154.529.853 | 17.650.401 | 90.494.450 | 262.674.704 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12.2024 .......................... | 76.098.444 | 14.509.987 | 33.230.078 | 123.838.509 |
| Bókfært verð 31.12.2025 .......................... | 212.631.451 | 14.132.734 | 33.230.078 | 259.994.263 |
| | | | | |
| Afskriftahlutföll .......................................... | 4-20% | 20% | 4% | |

Fasteignamat fasteigna veitunnar í árslok 2025 var 26,5 millj. kr. og lóða 18,6 millj. kr. eða samtals 45,1 millj. kr. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 88,2 millj. kr.

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu nam 1.023 millj. kr. á árinu 2025.

# Skýringar frh.

## 3. Tekjuskattsskuldbinding

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjördegi, nú 37,6%.

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| (Tekjuskattseign) í ársbyrjun | ( 5.294.250) |
| Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins | 20.540.572 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 | ( 14.012.364) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2025 | 1.233.958 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig í árslok á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4.552.362 |
| Viðskiptakröfur | ( 3.318.404) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 1.233.958 |

Opinber gjöld vegna rekstrar 2025 sem koma til álagningar á árinu 2026 eru reiknuð og færð til skuldar í efnahagsreikningi og greinast þau þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 14.012.364 |
| Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur | ( 464.038) |
| | 13.548.326 |

## 4. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2026 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

| | |
|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 457.629 |
| Gjaldfært á árinu | ( 21.764 ) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 435.865 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 21.764 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 414.101 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 435.865 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Framlag í lífeyrisaukasjóð | 401.339 |
| Framlag í varúðarsjóð | 34.526 |
| | 435.865 |

# Skýringar frh.

**5. Eigið fé**

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2024 | 302.369.843 |
| Hagnaður ársins | 32.583.950 |
| Staða 31.12.2024 | 334.953.793 |
| Hagnaður ársins | 34.088.609 |
| Staða 31.12.2025 | 369.042.402 |

# Skýringar, frh.

| | | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **7.** | **Laun og launatengd gjöld** | | |
| | Laun | 37.659.708 | 26.617.020 |
| | Mótframlag í lífeyrissjóð | 4.330.867 | 3.205.208 |
| | Framlag vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð | 21.764 | 21.764 |
| | Sjúkra-, orlofs- og endurmenntunarsjóður | 1.454.157 | 995.020 |
| | Tryggingagjald | 2.666.400 | 1.893.008 |
| | Áfallið orlof, breyting | 1.849.060 | ( 888.950) |
| | Önnur launatengd gjöld | 6.813 | 0 |
| | | 47.988.769 | 31.843.070 |
| | | | |
| | Stöðugildi í árslok | 2,0 | 2,0 |
| | Ársverk | 2,0 | 2,1 |
| | | | |
| **8.** | **Rekstur veitukerfis** | | |
| | Lagnaefni | 5.994.051 | 8.015.201 |
| | Viðhald, efni og vinna | 4.326.057 | 1.826.262 |
| | Rafmagn | 13.546.027 | 11.950.404 |
| | Tryggingar | 579.981 | 314.278 |
| | Fasteignagjöld | 1.068.108 | 1.049.108 |
| | Húsaleigugreiðslur | 3.159.648 | 3.021.024 |
| | Afgjald | 12.797.703 | 11.778.070 |
| | Leiga áhalda og tækja | 5.411.286 | 5.034.738 |
| | Önnur þjónustukaup | 7.630.047 | 19.678.993 |
| | | 54.512.908 | 62.668.078 |
| | | | |
| **9.** | **Rekstur bifreiða** | | |
| | Eldsneyti | 1.598.285 | 1.398.028 |
| | Viðhald | 762.372 | 691.831 |
| | Tryggingar og bifreiðagjöld | 141.936 | 424.398 |
| | | 2.502.593 | 2.514.257 |
| | | | |
| **10.** | **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| | Pappír, prentun og ritföng | 150.753 | 271.286 |
| | Póstburðargjöld | 67.710 | 0 |
| | Sími | 276.106 | 276.241 |
| | Endurskoðun og uppgjör | 2.442.238 | 1.744.460 |
| | Bókhaldskostnaður | 2.368.688 | 2.284.118 |
| | Þátttaka í stjórnunarkostnaði | 3.999.996 | 3.791.694 |
| | Lögfræðiþjónusta | 1.846.292 | 345.930 |
| | Félagsgjöld | 290.421 | 266.267 |
| | Auglýsingar | 0 | 294.877 |
| | Námskeið og fundarkostnaður | 95.970 | 0 |
| | Minniháttar verkfæri og áhöld | 476.951 | 1.744.447 |
| | Rekstur tölvukerfis | 1.439.509 | 1.195.315 |
| | Annar starfsmannakostnaður | 325.959 | 201.137 |
| | Önnur vöru- og þjónustukaup | 1.251.424 | 1.174.389 |
| | Banka- og innheimtukostnaður | 700.168 | 792.938 |
| | | 15.732.185 | 14.383.099 |